



Eftirlit með snyrtivörum

Torgsala á snyrtivörum í Kolaportinu



Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Mikilvægt er að tryggja að snyrtivörur á markaði séu öruggar og uppfylli kröfur reglugerðar um snyrtivörur nr. 577/2013 og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1223/2009 sem íslenska reglugerðinni innleiddi hér á landi.

Aðilar sem selja snyrtivörur í torgsölu eru í annari stöðu en fyrirtæki sem setja snyrtivörur á markað í verslunum og hugsanlegt að þekkingu þeirra á lögum og reglum sé ábótavant. Einstaklingar standa gjarnan fyrir sölunni og því skortur á aðhaldi stærri aðila, á borð við verslanir, innan aðfangakeðjunnar. Hugsanlega er um að ræða innflutning frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og því mögulega verið að selja vörur sem ekki fullnægja kröfum EES reglugerða um snyrtivörur. Það er því mikilvægt að ganga úr skugga um að snyrtivörur í torgsölu uppfylli kröfur ofangreindra reglugerða og þær innihaldi eingöngu leyfileg efni og umbúðir þeirra séu rétt merktar.

Ákveðnar kröfur gilda um merkingar umbúða og takmarkanir um ákveðin efni samkvæmt reglugerð ESB. Ákveðin innihaldsefni sem bönnuð innan EES eru ekki endilega bönnuð í snyrtivörum utan þess. Dæmi um þetta er díbútýlþalat og fimm gerðir parabena eru bannaðar í snyrtivörum, þ.e. ísópróbýlparaben, ísóbutýlparaben, fenýlparaben, bensýlparaben og pentýlparaben.

Með þessu verkefni sinnir stofnunin einu af hlutverki sínu skv. efnalögum, nr. 61/2013, sem er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir lögin.



1. Tilgangur og markmið

- Að skoða umfang sölu snyrtivara í torgsölu Kolaportsins
- Að fræða birgja og söluaðila um reglugerðir sem gilda um snyrtivörur og kröfur um merkingar og takmarkanir um innihaldsefni.
- Að auka neytendavernd.
- Að skoða merkingar og innihaldslýsingu á umbúðum snyrtivara sem eru í torgsölu í Kolaportinu, með áherslu á há- og húðvörur, og athuga hvort vörurnar uppfylli kröfur og takmarkanir gildandi reglugerða um snyrtivörur og breytinga á þeim.

2. Framkvæmd

Farið var í eftirlitsferð í Kolaportið þann 1. október 2016. Áður hafði Umhverfisstofnun upplýst Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um verkefnið og markmið þess í tölvupósti. Í Kolaportinu voru tveir básar með töluvert af snyrtivörum í sölu og voru sýnishorn af vörum skoðuð þar. Annar básinn var með snyrtivörur upprunnar frá Evrópu sem og utan hennar og þá fyrst og fremst Bandaríkjunum. Sá eintaklingur sem stóð fyrir sölnni gat ekki gefið upplýsingar um innflytjanda / birgja varanna. Í hinum básnum voru eingöngu vörur upprunnar í Tailandi og að sögn fluttar inn beint þaðan af söluaðila.

Í eftirlitinu var afhent kynningarbréf, bæklingur um markaðssetningu snyrtivara og kvittun fyrir eftirlitinu. Í bréfinu var skýrt frá verkefninu, umfangi þess og hlutverki Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 577/2013 og (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur. Einnig var upplýst að samantektarskýrsla um eftirlitsverkefnið yrði birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Lögð verður áhersla á að skoða húð- og hárvörur. Lagt var upp með að skoða af handahófi fjórar vörur upprunnar frá löndum utan EES í þessum vöruflokkum hjá hvorum söluaðila. Eftirlitið gaf jafnframt tilefni til skoðunar á naglalakki sem var í sölu í öðrum básnum. Ljósmyndir voru teknar af umbúðum varanna og merkingu þeirra til nánari skoðunar.

Við skoðun merkinga var athugað hvort þær uppfylltu 3 gr. reglugerðar nr. 577/2013 og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. Einnig var farið yfir efnin skv. innihaldslýsingu m.t.t. viðauka reglugerðar Evrópusambandsins og athugað hvort einhver þeirra sé á bannlista (viðauka II), eða hvort takmarkanir gilda um þau eða kröfur um ákveðnar merkingar (viðauki III).

Sérstök áhersla var lögð á að kanna hvort:

- 1) Fyrningardagsetning vöru sé virt þar sem hún er til staðar (húðvörur, hárvörur).
- 2) Viðvörunarorð á íslensku skv. viðauka III í reglugerð (EB) séu til staðar ef við á (hárvörur).
- 3) Einhverjar vörur innihaldi eftirtalin bönnuð efni skv. viðauka II:
 - a) Bönnuð paraben: ísóprópýlparaben, ísóbutýlparaben, fenýlparaben, benzýlparaben og pentýlparaben. (hárvörur, húðvörur)
 - b) Díbútýlpatat (Dibuthylphtalate) (naglalakk, hárvörur)
- 4) Ábyrgðaraðili á Evrópska efnahagssvæðinu sé tilgreindur á umbúðum (naglalakk, hárvörur, húðvörur).

Eftirlitsskýrslur og bréf voru send til söluaðila þar sem niðurstöður eftirlitsins voru kynntar ásamt tilheyrandi kröfum um úrbætur. Í bréfum var bent á hvaða reglugerðir gilda um

snyrtivörur, greint frá hvaða vörur uppfylltu ekki kröfur reglugerða og á hvaða hátt. Veittur var þriggja vikna frestur til úrbóta og til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Bent var á að velkomið væri að leita til sérfræðings stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar og um leiðir til úrbóta vegna frávika. Rekstraraðili Kolaportsins fékk jafnframt sent afrit af eftirlitsskýrslum og bréfum. Söluaðili tveggja vara sem innhéldu óleyfilegt efni fékk annað bréf frá stofnuninni um stöðvun markaðssetningar á vörunum.

3. Helstu niðurstöður

Skoðaðar voru 9 vörur í einum sölubás og 4 í öðrum en í þeim síðar talda voru einungis húðvörur í boði, engar hárvörur. Samtals voru því skoðaðar 13 vörur og af þeim voru 11 með frávík. Úrbóta var þörf á öllum vörunum í básnum þar sem 9 vörur voru skoðaðar en í 2 tilvikum þar sem 4 vörur voru voru skoðaðar.

Þættir skoðaðir	Fjöldi	Snyrtivörur með frávík	Snyrtivörur án frávika
Snyrtivörur	13	11	2
Snyrtivörur í bás 1	9	9	0
Snyrtivörur í bás 2	4	2	2
Húðvörur	8	6	2
Hárvörur	4	3	1
Naglalakk	1	1	0

Tvær húðvörur innhéldu innhéldu bannað innihaldsefni, þ.e. ísótútýlparaben.

Þrjár hárvörur (hárlitunarefni) af fjórum sem voru skoðaðar innhéldu efni sem krafist er að ákveðin viðvörunarorð og notkunarleiðbeiningar á íslensku fylgi með skv. reglugerðum um snyrtivörur. Engar þessara vara höfðu slíkar merkingar.

11 vörur vantaði skráningu ábyrgðaraðila innan EES ásamt heimilisfangi á umbúðir, þar af voru 10 af vörunum ekki skráðar í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP).

Naglalakk sem var skoðað vantaði skráningu á ábyrgðaraðila ásamt flestum öðrum skyldubundnum merkingar sem eiga að vera á snyrtivörum.

Frávík	Vöruflokkur	Hlutfall snyrtivara með frávík
Inniheldur ísóbútýlparaben (bannefni)	Húðvörur	2 af 6
Íslensk viðvörunarorð vantar	Hárvörur (hárlitunarefni)	3 af 4
Nafn ábyrgðaraðila vantar á umbúðir	Hár-, húðvörur, naglalakk	11 af 13

Gerðar voru kröfur til söluaðila um úrbætur. Hjá þeim aðila sem var með vörur með óleyfilegu efni í var krafist stöðvunar á markaðasetningu varanna.

Söluaðilar tilkynntu áður en frestur til úrbóta rann út að sölu vara með frávík hefði verið hætt og staðfesti eftirlit Umhverfisstofnunar í Kolaportið skömmu síðar réttmæti yfirlýsinganna.

Aðilum máls var í kjölfarið sent bréf um málslok og að stofnunin gerði ekki frekari athugasemdir. Jafnframt var minnt á að ákvæði áður nefndra reglugerða gilda að sjálfsgöðu einnig um aðrar snyrtivörur sem eru í sölu en voru ekki í úrtakinu í eftirlitinu.

Niðurstaða verkefnisins gefur til kynna að umfang torgsölu á snyrtivörum virðist ekki mikið hér á landi. Frávik frá gildandi reglugerðum varðandi sölu á þeim snyrtivörum sem eru þar í boði og eru upprunnar frá löndum utan EES virðist hins vegar vera töluverð. Takmörkuð vitneskja var hjá söluaðilum um skyldur samkvæmt lögum og reglugerðum sem gilda um snyrtivörur og greinilega ekki vanþörf á eftirliti og kynningu hvað það varðar. Vonandi verður þessi viðleitni til þess að söluaðilar snyrtivara í torgsölu hugsi sinn gang og leitist framvegis við að markaðssetja vörur sem standast kröfur þeirra laga og reglugerða sem í gildi eru.

28. nóvember 2016